

Leysingar

BÆKUR

Skáldsaga

ROKKAÐ Í VITTULA

eftir Mikael Niemi. Bókin var tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2001. Páll Valsson þýddi úr sænsku, bókin heitir á frummálinu Populär musik från Vittula. 254 bls. Forlagið 2002.

Rokkað í Vittula er bók sem grípur mann samstundis. Hún fer af stað með miklum krafti í prologus sem er fyndinn, áhrifamikill og mjög eftirminnilegur. Þá taka við ævintýri í uppvesti Matta og Niila sem búa í smáþorpinu Pajala í Tornedal á landamærum Svíþjóðar og Finnlands en hverfið kallast Vittula. Fólkið á þessum norðurhvara á í mikilli kreppu: „Uppvöxtur okkar einkenndist af skorti. Ekki efnislegum, við höfðum nóg til að bjarga okkur, heldur skorti á sjálfsmynd. Við vorum engir. Foreldrar okkar voru engir. Forfeður okkar höfðu verið algerlega þýðingarlausir í sænskri sögu. Þeir fáu forfallakennarar sem tóku sig upp frá hinni raunverulegu Svíþjóð gátu ekki stafað eftirnöfn okkar, hvað þá borið þau fram. ... Við höfðum finnskan hreim án þess að vera Finnar, sænskan hreim án þess að vera Svíar“ (51). Sjálfsmyndarkreppa íbúa Tornedals tengist nýjum straumum í þjóðlífinu, tæknin heldur innreið sína, búskaparhættir breytast og hefðbundin hlutverkaskipting kynjanna sem ríkt hefur öldum saman verður skyndilega ekki sjálfsögð lengur. Landsbyggðin lætur í minni pokann fyrir þéttbýlinu, rokkið sigrar og unga fólkið flytur á brott.

Niila, besti vinur Matta, tilheyrir sérstrúarsöfnuði laestidiana, þöglu og nægjusömu fólki sem trúir því að lífið sé táradalur. Trúarofstæki safnaðarins og hörkulegum boðskap hans er t.d lýst svo: „Þessi orð, þessi lifandi orð sem ófu Sannleikann orð fyrir orð, myndir af illsku, svikum, syndum sem reyndu að leynast í moldinni en voru rifnar upp með sínum fúlu rótum og hristar eins og ormétnar rófur frammi fyrir söfnuðinum“ (27-8). Foreldrar Niila eru vonsvikið undirmálsfólk, fátækir og illgjarnir og skeyta skapi sínu á börnunum. Vinskapur hans og Matta er náinn og sannur en þeir eru mjög ólíkir og ná saman í aðdáun á rokkinu. Niila megnar ekki að rísa gegn ofbeldinu og bælingunni heima fyrir öðruvísi en með þögn og þrjósku og hann ber með sér feigð og óhamingju. Heimilisaðstæður Matta eru skárri en foreldrar hans eru fulltrúar gamalla gilda; pabbinn hefur náð þeim markmiðum í lífinu sem hann setti sér: að vera sterkur, fjárhagslega sjálfstæður og ná sér í konu (113). Matti gæti fetað í fótspor hans ef hann kærði sig um, hann sigraði t.d. glæsilega í keppni um hver gæti verið lengst í sjóðheitu gufubaði og sannar þar með karlmennsku sína og hreysti (132). Hann er líka efnilegur brennivínsbelgur en gítargutl hans er hinsvegar ekki karlmanni sæmandi.

Sögumaður er ærlegur og hlýr í fortíðar- og heimþrá sem á hann sækir. Hann gerir góðlátlegt grín að persónum sögunnar og finnskri þjóðarsál Tornedals, t.d. í skemmtilegum lýsingum á veiðimennsku þeirra og húsbyggingum (214-216). Margir kaflarnir eru alveg frábærir, t.d. 3. kaflinn um veru Matta í miðstöð Þrjónaskólans en sá kafla smellur óvænt að sögulokunum; 12. kaflinn um rottuveiðarnar er svo magnaður að stæk lyktin af úldnum rottuhræjum stígur upp af blaðsíðunum; og 20. kafla sem segir frá afmæli afans er óborganleg lýsing á finnsku fylleríi, karlrembu, þjóðarstolti og þjáningu. Þar mætast gamli og nýi tíminn, unga fólkið og eldri kynslóðin, og Matta verður ljóst að hlutdeild hans í heimi hefðar, vana og öryggis er

lokið, framtíðin er annars staðar, óviss og tregafull. Rokkað í Vittula er mjög skemmtileg aflestrar og stíllinn víða myndrænn og lifandi, t.d. þegar fyrsta skóladeginum er lýst: „Uppi undir þaklistanum hengu Bókstafirnir. Hræðilegur her stólpa og króka sem teygði sig veggja á milli. Við þá áttum við að kljást og sigra hvern af öðrum, leggja þá flata í skrifbækurnar okkar og þvinga fram hljóð“ (47).

Sagan fjallar um leysingar, þegar nýir tímar koma til Vittula, spennan leitar upp á yfirborðið, óvæntur krafturinn þeytir öllu til hliðar og molar þykkan ísinn. Tónlist Bítlanna leikur stórt hlutverk í leysingunum, líkt og í bók Jóns Halls Stefánssonar Risafurur og tíminn (2001) sem einnig segir frá uppvexti, kynþroska, sérkennilegu fólki – og bítlaplötu. Þegar Matti og Niila standa við Torneána og horfa á hana rífa brúna með sér í leysingunum æpir Matti: „Rock’n’ roll music!“ og þeir skilja hvor annan fullkomlega (78). Leysingarnar skola burt bernskunni og unglingsárunum og sögumaður horfir á eftir þeim með ljúfsárum söknuði.

Steinunn Inga Óttarsdóttir